

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 41/2017

2018/EES/78/41

frá 3. febrúar 2017

um breytingu á XVI. viðauka (Opinber innkaup) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1804 frá 10. október 2016 um ítarlegar reglur um beitingu 34. og 35. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2014/25/ESB um innkaup stofnana sem annast vatnsveitu, orkuveitu, flutninga og pósthjónustu ⁽¹⁾.
- 2) Framkvæmdarákvörðun (ESB) 2016/1804 fellir úr gildi ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/15/EB frá 7. janúar 2005 ⁽²⁾, sem hefur verið felld inn í EES-samninginn, og ber því að fella gerðina brott úr samningnum.
- 3) XVI. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRÐUN:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á XVI. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 6g (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1986):

„6h. **32016 D 1804:** Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1804 frá 10. október 2016 um ítarlegar reglur um beitingu 34. og 35. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2014/25/ESB um innkaup stofnana sem annast vatnsveitu, orkuveitu, flutninga og pósthjónustu (Stjtíð. ESB L 275, 12.10.2016, bls. 39).“

2. Texti liðar 6b (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/15/EB) fellur brott.

*2. gr.*Íslenskur og norskur texti framkvæmdarákvörðunar (ESB) 2016/1804, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.*3. gr.*Ákvörðun þessi öðlast gildi 4. febrúar 2017, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram ^(*).

⁽¹⁾ Stjtíð. ESB L 275, 12.10.2016, bls. 39.

⁽²⁾ Stjtíð. ESB L 7, 11.1.2005, bls. 7.

^(*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 3. febrúar 2017.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Claude Maerten

formaður.